Docusign Envelope ID: 48E998CB-39E9-81BD-8111-2E18B2932F67

FRAMFARAFÉLAG VESTFJARÐA

Atvinnuvegaráðuneytið
Geirsgötu 9
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

17. nóvember 2026

Efni: Umsögn um drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2026–2028, mál S-152/2026

Framfarafélag Vestfjarða (**„FV“** eða **„félagið“**) hefur tekið til umsagnar drög Ferðamálastofu að rannsóknaráætlun fyrir árin 2026–2028, mál S-152/2026 (**„rannsóknaráætlunin“**).

Félagið telur mikilvægt að rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu skili hagnýtum upplýsingum sem nýtist fyrirtækjum og fjárfestum, en ekki síður að stjórnvöld byggi ákvarðanir um skattheimtu, gjaldtöku og takmarkanir á atvinnustarfsemi á traustum og gagnsæjum forsendum. FV telur mikilvægt að rannsóknaráætlunin leggi ríkari áherslu á efnahagsleg áhrif atvinnugreina, verðmætasköpun og rekstrarskilyrði fyrirtækja eftir landshlutum.

Á Vestfjörðum gegnir ferðaþjónusta mikilvægu hlutverki í atvinnulífi, meðal annars með starfsemi skemmtiferðaskipa, gisti- og veitingarekstri, afþreyingu og annarri þjónustu við ferðamenn. Félagið leggur áherslu á að það sé hlutverk fyrirtækja og fjárfesta að taka ákvarðanir um atvinnuuppbyggingu, en stjórnvalda að tryggja skýr, fyrirsjáanleg og samkeppnishæf starfsskilyrði. Opinberar rannsóknir eiga meðal annars að nýtast til að meta hvort fyrirhuguð inngrip í atvinnustarfsemi sé nauðsynleg, hófleg og byggð á traustum gögnum en ekki að vera sjálfstæður grundvöllur aukinnar opinberrar stýringar á atvinnugreininni.

1. Efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum (verkefni 1 og hagnýtar verkefnishugmyndir)

Í verkefni 1 er gert ráð fyrir áframhaldandi talningum á farþegum skemmtiferðaskipa. Slíkar upplýsingar gefa mikilvæga mynd af umfangi starfseminnar en segja takmarkað um raunveruleg efnahagsleg áhrif hennar á einstök byggðarlög.

Á Vestfjörðum hafa komur skemmtiferðaskipa verulega þýðingu fyrir hafnarstarfsemi og fjölbreytt fyrirtæki í ferðaþjónustu. Um er að ræða tekjur af hafnarþjónustu, skipulögðum ferðum, fólksflutningum, verslun, veitingum og annarri starfsemi. Þessar tekjur geta skipt miklu máli fyrir rekstrargrundvöll fyrirtækja og möguleika þeirra til frekari fjárfestinga og atvinnusköpunar.

Docusign Envelope ID: 48E998CB-39E9-81BD-8111-2E18B2932F67

FV leggur því til að Ferðamálastofa leggi áherslu á að fyrir liggi trúverðugar upplýsingar um efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa, meðal annars með tilliti til tekna hafna, útgjalda farþega og áhafna, viðskipta við fyrirtæki á viðkomandi svæðum og beinna og óbeinna áhrifa á atvinnulíf.

Jafnframt verði metinn kostnaður við móttöku skipanna og álag á innviði. Með því væri unnt að leggja heildstætt mat á efnahagslegan ávinning starfseminnar, fremur en að draga ályktanir eingöngu af fjölda skipakoma eða farþega. Slíkar upplýsingar eru sérstaklega mikilvægar þegar stjórnvöld hyggjast breyta gjaldtöku eða setja starfseminni nýjar skorður. Áður en gripið er til slíkra aðgerða þarf að liggja fyrir mat á beinum og óbeinum efnahagslegum áhrifum þeirra, þar sem ávinningur er veginn á móti mögulegum tekjumissi og áhrifum á atvinnulíf, meðal annars á samkeppnishæfni hafna, rekstrargrundvöll fyrirtækja og framtíðarfjárfestingar.

2. Áhrif gjaldtöku og opinberra ákvarðana á atvinnulíf

Í rannsóknaráætluninni er lögð áhersla á að rannsóknir styðji við ákvarðanir stjórnvalda og bæti rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar. FV telur mikilvægt að sú áhersla nái jafnframt til efnahagslegra áhrifa skattheimtu, gjaldtöku og annarra opinberra ákvarðana á fyrirtæki og einstök landsvæði. FV telur að stjórnvöld eigi að færa skýr og málefnaleg rök fyrir nauðsyn nýrra skatta, gjalda og takmarkana á atvinnustarfsemi áður en ákvarðanir um slíkar aðgerðir eru teknar. Það er ekki hlutverk fyrirtækja að sanna að þau eigi að fá að starfa, heldur stjórnvalda að rökstyðja ítarlega hvers vegna nauðsynlegt sé að skerða atvinnufrelsi eða leggja nýjar fjárhagslegar byrðar á reksturinn.

Breytingar á gjöldum sem tengjast skemmtiferðaskipum geta haft áhrif á samkeppnishæfni íslenskra hafna, ákvarðanir útgerða um viðkomustaði og tekjur fyrirtækja í nærliggjandi byggðarlögum. Áhrifin geta verið ólík eftir stærð hafna, fjarlægð frá helstu ferðamannasvæðum og vægi starfseminnar í atvinnulífi viðkomandi sveitarfélaga.

FV leggur til að áður en ráðist er í frekari gjaldahækkanir eða breytingar á rekstrarumhverfi verði sérstaklega metin áhrif núverandi gjaldtöku og fyrirhugaðra gjaldahækkana á komur skemmtiferðaskipa, útgjöld farþega, tekjur hafna og starfsemi fyrirtækja á Vestfjörðum. Við slíkt mat verði jafnframt horft til mögulegra áhrifa á framtíðarfjárfestingar og atvinnuuppbyggingu.

Félagið telur mikilvægt að ákvarðanir um gjaldtöku byggist á heildstæðu mati á efnahagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum, þannig að gjaldtaka gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná skýrt skilgreindum markmiðum. Við slíkt mat þarf að taka fullt tillit til áhrifa á samkeppnishæfni, rekstrargrundvöll fyrirtækja og verðmætasköpun í byggðarlögum sem reiða sig á starfsemina.

Docusign Envelope ID: 48E998CB-39E9-81BD-8111-2E18B2932F67

3. Landshlutagreind gögn og forsendur fjárfestinga (verkefni 2, 6 og 7)

Í verkefnum 2, 6 og 7 er meðal annars fjallað um landamærarannsókn, greiningu á fjárhag og rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu og áframhaldandi þróun gagnagrunns og mælaborðs ferðaþjónustunnar.

FV telur mikilvægt að þessar rannsóknir nýtist ekki eingöngu til að meta þróun ferðaþjónustu á landsvísu heldur einnig við ákvarðanir fyrirtækja og fjárfesta um uppbyggingu á einstökum landsvæðum.

Á Vestfjörðum geta takmarkaðar upplýsingar um eftirspurn, nýtingu gistirýma, útgjöld ferðamanna og rekstrarafkomu fyrirtækja torveldað mat á fjárfestingarkostum. Þetta á sérstaklega við um uppbyggingu nýrrar gistiaðstöðu og þjónustu sem byggir á væntingum um fjölgun ferðamanna og lengingu ferðamannatímabilsins.

FV leggur því til að niðurstöður rannsókna verði eftir föngum birtar sérstaklega fyrir Vestfirði og að lögð verði áhersla á upplýsingar um útgjöld ferðamanna, árstíðasveiflur, gistiframboð og efnahagslega afkomu greinarinnar. Jafnframt verði kannað hvernig nýta megi fyrirliggjandi gögn, meðal annars um greiðslukortaveltu og rekstur fyrirtækja, til að bæta upplýsingar um verðmætasköpun eftir landshlutum, án þess að leggja nýjar upplýsingagjafar- eða skýrsluskyldur á fyrirtæki nema skýr þörf sé fyrir slíkt.

Með auknu aðgengi að slíkum upplýsingum mætti styrkja forsendur fjárfestinga, bæta viðskiptaáætlanir og skapa traustari grundvöll fyrir áframhaldandi vöxt ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Það er þó fyrirtækjanna og fjárfestanna sjálfra að meta hvar tækifærin liggja og hvaða verkefni eru arðbær. Hlutverk hins opinbera á að vera að tryggja að fyrirliggjandi upplýsingar séu aðgengilegar og að regluverk hamli ekki uppbyggingu að óþörfu.

4. Þolmörk, uppbygging innviða og tækifæri til vaxtar (verkefni 5 og hagnýtar verkefnishugmyndir)

Í rannsóknaráætluninni er gert ráð fyrir áframhaldandi talningum á ferðamannastöðum og frekari rannsóknum á þolmörkum áfangastaða. FV tekur undir mikilvægi þess að fylgjast með álagi á náttúru og innviði en telur jafnframt nauðsynlegt að slíkar rannsóknir taki mið af möguleikum til frekari uppbyggingar og verðmætasköpunar.

Þolmörk ferðamannastaða ráðast ekki eingöngu af fjölda gesta heldur einnig af aðgengi, þjónustu, skipulagi og þeim innviðum sem til staðar eru. Áfangastaður sem glímir við tímabundið álag getur haft verulega möguleika til vaxtar með markvissum fjárfestingum og bættri dreifingu ferðamanna.FV leggur því til að rannsóknir á þolmörkum taki jafnframt til þess hvernig uppbygging innviða, bættar samgöngur og aukið þjónustuframboð geti skapað forsendur fyrir frekari vexti ferðaþjónustu. Sérstaklega verði horft til möguleika á að dreifa heimsóknum betur milli áfangastaða og árstíða.

Docusign Envelope ID: 48E998CB-39E9-81BD-8111-2E18B2932F67

FV leggur áherslu á að niðurstöður rannsókna á þolmörkum verði ekki sjálfkrafa grundvöllur nýrra takmarkana á atvinnustarfsemi. Áður en slíkar takmarkanir eru settar þurfa stjórnvöld að byggja ákvörðun á sjálfstæðu mati á nauðsyn og meðalhófi, að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum stað, og meta hvort vægari úrræði, bætt skipulag eða fjárfestingar í innviðum geti náð sama markmiði.

Markmiðið á að vera að vernda náttúruverðmæti án þess að skerða atvinnufrelsi umfram það sem nauðsynlegt er. Fyrirtæki og fjárfestar eiga áfram að hafa svigrúm til að þróa nýja þjónustu og nýta þau tækifæri sem skapast með aukinni eftirspurn eftir ferðaþjónustu.

5. Fjármögnun og forgangsröðun rannsókna

Í rannsóknaráætluninni kemur fram að takmarkað fjármagn hafi leitt til þess að ekki sé gert ráð fyrir nýjum rannsóknarverkefnum árið 2026. Jafnframt hefur þurft að fella niður verkefni sem áður voru hluti af reglubundinni gagnaöflun.

FV telur ekki sjálfgefið að aukin opinber útgjöld til rannsókna séu forsenda betri ákvarðanatöku. Mikilvægara er að fyrirliggjandi rannsóknarfé nýtist með skilvirkum hætti og að stjórnvöld forgangsraði þeim greiningum sem nauðsynlegar eru til að rökstyðja eigin ákvarðanir.

Rannsóknir sem varpa ljósi á rekstrarskilyrði fyrirtækja, áhrif opinberra ákvarðana og tækifæri til verðmætasköpunar geta skilað verulegum ávinningi með því að draga úr óvissu, koma í veg fyrir óþarfa inngrip og bæta forsendur sjálfstæðra ákvarðana fyrirtækja og fjárfesta. Félagið leggur því áherslu á að við forgangsröðun rannsókna verði sérstaklega horft til hagnýts gildis þeirra fyrir atvinnulífið. Jafnframt verði leitast við að nýta fyrirliggjandi upplýsingar frá opinberum stofnunum, höfnum og fyrirtækjum eftir því sem kostur er, án þess að skapa óþarfa kostnað eða aukna skýrslugjafarbyrði.

5. Niðurstöður

Framfarafélag Vestfjarða telur að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2026–2028 geti skapað mikilvægan grundvöll fyrir betri þekkingu á ferðaþjónustu og áhrifum opinberra ákvarðana á atvinnugreinina. Til þess að rannsóknirnar nýtist atvinnulífinu sem best er þó nauðsynlegt að leggja ríkari áherslu á efnahagsleg áhrif greinarinnar, svæðisbundna verðmætasköpun og forsendur fjárfestinga.

FV leggur sérstaka áherslu á að fyrir liggi traustar upplýsingar um efnahagsleg áhrif skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum, þar sem horft verði til tekna hafna og fyrirtækja, útgjalda farþega og áhrifa gjaldtöku. Jafnframt telur félagið mikilvægt að rannsóknir á þolmörkum og sjálfbærni taki mið af möguleikum til uppbyggingar og vaxtar, fremur en að beinast eingöngu að takmörkunum á starfsemi.

Docusign Envelope ID: 48E998CB-39E9-81BD-8111-2E18B2932F67

Félagið áréttar að það er ekki hlutverk stjórnvalda að stýra því hvar eða hvernig atvinnulífið eigi að vaxa. Það er hlutverk fyrirtækja og fjárfesta að greina tækifæri, taka áhættu og skapa verðmæti. Stjórnvöld eiga hins vegar að tryggja skýrt og samkeppnishæft rekstrarumhverfi og sýna fram á nauðsyn og meðalhóf þegar þau hyggjast takmarka atvinnustarfsemi eða leggja á hana auknar fjárhagslegar byrðar.

FV telur því mikilvægt að rannsóknaráætlunin nýtist ekki aðeins til að afla frekari upplýsinga um ferðaþjónustu, heldur einnig til að tryggja að ákvarðanir stjórnvalda um skatta, gjöld og takmarkanir byggist á trúverðugum gögnum og heildstæðu mati á efnahagslegum áhrifum þeirra, og að rannsóknir stuðli þannig að betri forsendum fjárfestinga og verðmætasköpunar fremur en aukinni opinberri stýringu.

Fyrir hönd **Framfarafélags Vestfjarða**,

DocuSigned by:
Guðmundur Fertram Sigurjónsson
9100A23561D4480...

Guðmundur Fertram Sigurjónsson